

Ed.

197. Nefndarálit

um frumvarp til laga um ófriðun og eyðing sels úr veiðiám.

Vjer, sem háttv. deild hefir falið frumvarp þetta til athugunar, höfum komist að þeirri niðurstöðu, að rjett sje að veita hjeruðum samþyktarvald i þessu efni.

Nefndin sinnur ekki ástæðu til verulegra breytinga á frumvarpi þessu. En ein grein þess, 5. gr., þykir nefndinni óljós, virðist henni ástæða til, að þar væri skýrara ákveðið um sum atriði.

Svo er tilætlast í frumvarpinu, að eigendur eggvera, selalagna og selalátra fái fullar bætur fyrir skaða þann, er þeir kynnu að biða við ófriðun og eyðing sels, en ekkert er um það sagt, hverjir skaða eiga að bæta, og þótt það virðist liggja beint við, að skaðabótaskyldan hljóti að hvíla á laxveiðendum, þeim er hagsmuna njóta af eyðingu selsins, telur nefndin þó rjettara, að það sje beint tekið fram í frumvarpinu. Þá vantar og ákvæði um það, hverjir jafna eigi skaðabótum niður á þá, er skaðabætur eiga að greiða, og enn vantar fyrirmæli um innheimtu þess gjalds. Nefndin álitur ónauðsynlegt, að bein fyrirmæli um þetta standi í lögnum sjálfum, því ef leggja ætti þetta á vald þeirra, er samþykt gera, er hætt við, að þessi atriði mundu valda vafningum og ágreiningi.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að frumvarp þetta verði samþykt með eftirfylgjandi

BREYTINGU:

Í stað 5. greinar frumvarpsins komi ný grein svohljóðandi:

Í samþykt má ákveða um algerða eyðing eða útrýming sels úr veiðiám. Þó má eigi með neinni samþykt raska friðun eggvera, selalátra eða selalagna, nema fult gjald komi fyrir, slikt er dómkvaddir menn meta. Gjaldi þessu jafna sýslunefndir niður á þá, er veiðirjett eiga í á þeirri eða ám, er samþyktin gildir fyrir. Sýslumenn innheimta gjaldið, og fylgir því lögtaksrjettur.

Alþingi 8. ág. 1912.

Þórarinn Jónsson,
form.

Jón Jónatansson,
skrifari og framsögumaður.

Eiríkur Briem.